

Endurnýjanleg orka í Þýskalandi

Þjóðverjar hafa um árabil sýnt ríka viðleitni til að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku og hafa þeir skapað vistvænni orku nokkuð hagstætt rekstrarumhverfi í Þýskaland. Eru t.d. mörg af öflugustu vindorku- og sólarorkufyrirtækjum heims staðsett í Þýskalandi. Sólarorkuiðnaður er orðinn gríðarlega stór og mikilvægur iðnaður í Þýskalandi og eru um og yfir 50.000 störf á því sviði og verða sífellt fleiri. Ef skoðaðar eru afkomur sólarfyrirtækja má sjá að fyrirtækin skila miklum hlutfallslegum hagnaði.

Þýskaland er það land sem er komið einna lengst á þessari braut hvað varðar sólarorku. Nú eru þó fleiri Evrópuríki, eins og Spánn, Ítalía og Grikkland að auka þekkingu sína og þróun á sólarorku og gengur það vel. Sólarorka er endurnýjanleg og vistvæn orka sem afar mikilvægt er að nýta ef hægt er. Hlýnun jarðar hefur mikið verið í umræðunni síðastliðin ár. Stjórnvöld hafa brugðist við því með að styðja greinina og telja menn að með aukinni nýtingu á endurnýjanlegri orku, s.s. sólar-, vind- og vatnsorku getum við barist gegn frekari hlýnun jarðar. Fullyrða má að þjóðir innan Evrópubandalagsins og þá sérstaklega Þýskaland, sé komið á óviðsnúanlega braut í átt til frekari nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Fólk í Þýskalandi velur frekar að fara í strætó en fara í einn bíl. Maður sér oft fullan strætó af fólki sem sparar bensín og minni mengun.

Fólk notar fellirúllur, eða Rolladen á þýsku, sem er uppsetning á forvörnum fyrir glugga og dyr á húsum. Það eru til margar útgáfur af uppsetningu á þessum vörnum en oftast er settur kassi fyrir ofan gluggann að utanverður og líka er sundurtekin rúlla. Þetta er góð einangrun, hitinn helst betur inni í húsunum og hitastigið verður stöðugra. Þetta er einangrun inni í húsum og heldur hitanum inni í húsunum og er því orkusparnaður. Svo er það bara almenn einangrun í húsum sem sparar hita, kamínur og að slökkva ljósin sem ekki er verið að nota sparar rafmagn. Þeir eru býsna mikið eins og Íslendingar í orkusparnaði.

Hvernig hægt væri að spara meiri orku í Þýskalandi

Eins og alls staðar í heiminum þá er alltaf hægt að spara meiri orku. Inn á heimilium geta allir sparað orku, m.a. má slökkva á tækjum eða ljósum sem ekki eru í notkun. Það má spara orku við eldamennsku og þrif á þvotti. Flest raftæki taka inn rafmagn þó þau séu ekki í notkun, það munar miklu að taka þau úr sambandi. Einnig þarf að huga að innihita, ekki er þörf er á því að kynda húsin of mikið ef heitt er í veðri.

Skólar og fyrirtæki þurfa líka að hugsa um þessa hluti. Óþarfa tæki sem eru ekki í notkun þurfa ekki að vera í sambandi allan sólarhringinn. Það má mæla hversu mikið af orku er notað og gott er að fá einhvern til að fylgjast með þessu. Gott er að setja tímarofa eða hreyfiskynjara til að stjórna lýsingu.

Óþarfi er að nota farartæki ef stutt er á áfangastað. Þá er góður kostur að velja göngu, hjólreiðar og almenningsamgöngur. Til þess að fólk nýti sér þessa kosti þurfa göngu-og hjólaleiðar að vera í góðu ástandi. Þá þurfa almenningsamgöngur að vera ódýrari kostur en að aka sitt eigið farartæki. Þá eru bílar sem ganga fyrir metani og vetni að vera betri og betri og þá er um að gera að velja sér þannig bíla.

Sonja, Kristín og Una